**Fundargerð stjórnar BÍS 03/2014.**
**miðvikudaginn 22. janúar 2014 kl. 17.30, Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.**

Mættir:
Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Þór Gunnarsson, alþjóðaráði,Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Kristinn Ólafsson, gjaldkeri og og Unnur Flygenring, formaður dagskrárráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi; Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi.

Dagskrá:
1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar. Samþykkt.
3. Starfsyfirlit starfsmanna lagt fram.
4. Skátaþing. Tengiliður Evrópustjórnar WAGGGS, Nina Fleck, hefur þegið boð okkar að mæta á Skátaþing. Þar mun hún fjalla um mikilvægi þess að tilheyra alþjóðasamtökum og verður einnig með vinnustofu á þinginu.
5. Markmiðs- og stefnuáherslur stjórnar BÍS. Frestað fram til næsta fundar.
6. Lagabreytingar. Unnar voru lagabreytingatillögur út frá samþykkt Skátaþings 2013. BAÁ er falið að hreinrita vinnuskjalið og senda á stjórn.Vinnunni verður haldið áfram á næsta fundi.
7. Önnur mál
    a. Fullorðnir í skátastarfi. JÞG falið að útfæra hugmyndir að ná til fullorðinna.

Fundi slitið kl. 21:00
Fundargerð ritaði HS